

# Gjaldskrá 2018

vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar

skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010

## 1. gr. – Almenn

Við útgáfu byggingarleyfis í Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppi og Svalbarðsstrandarhreppi eða vegna annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er yfirferð teikninga, útmæling innan byggingarreits, lögboðið byggingareftirlit meðan á framkvæmdum stendur, útgáfa byggingarstigsvottorða og öryggis- og lokaúttekt.

## 2. gr. – Byggingarleyfisgjald

Gjaldið skiptist í afgreiðslugjald og fermetragjald eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund byggingar:	Afgreiðslugjald	Fermetragjald
Íbúðarhúsnæði, bílgeymslur og gistihús	kr. 95.771-	kr. 240-
Stofnanir, verslunar- og þjónustuhús	kr. 95.771-	kr. 120-
Frístundahús	kr. 71.829-	kr. 240-
Gripahús, iðnaðarhús og sérbyggðar bílgeymslur	kr. 71.829-	kr. 96-
Vélageymslur, gróðurhús og loðdýrahús	kr. 71.829-	kr. 60-
Aðstöðuhús, geymslur, gestahús og sambærilegt	kr. 35.914-	kr. 240-

Vegna viðbygginga við áður byggð hús skal greiða 35.914 kr. afgreiðslugjald og fermetragjald samkvæmt töflu.

Vegna breytinga á húsnæði, þegar húsnæði er ekki stækkað, skal greiða samkvæmt tímagjaldi sbr. 3. gr. en þó að hámarki kr. 95.771-.

## 3. gr. – Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld

Úttekt vegna leiguhúsnæðis (hver úttekt)	kr. 29.929-
Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga á teikningum	kr. 17.957-
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga	kr. 17.957-
Úttekt vegna byggingarstjóra- og meistaraskipta	kr. 17.957-
Stöðuleyfi vegna hjólhýsa, gáma o.þ.h.	kr. 11.972-

Stofnun fasteignar/lóðar, ein lóð	kr. 11.972-
Stofnun fasteigna/lóða, hver lóð umfram eina	kr. 5.985-
Úttekt vegna nýrra rekstrarleyfa	kr. 17.957-
Úttekt vegna endurnýjunar á rekstrarleyfum	kr. 5.985-

Aðkeypt vinna við yfirferð séruppdráttá greiðist af umsækjanda/framkvæmdaraðila samkvæmt reikningi frá verksala.

Fyrir vinnu sem ekki er innifalin í byggingarleyfisgjaldi eða ef kostnaður vegna vinnu byggingarfulltrúa er verulegur umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja til viðbótar tímagjald byggingarfulltrúa, sem er kr. 10.774-.

#### **4. gr. – Breytingar á fjárhæð gjalda**

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2018, sem var 136,5 stig og tekur breytingum um áramót eftir byggingarvísitölu janúarmánaðar hvers árs.

Gjaldskráin hefur verið samþykkt á fundum sveitarstjórna sveitarfélaganna sem eiga aðild að Byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis og tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.